

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

2. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b- og c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,445% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

3. gr.

Aukavatnsskattur, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005:

A. Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 39 pr. m³.

B. Vatn til skipa kr. 335 pr. m³. Lágmarksgjald kr. 3.779.

C. Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu af uppsaltaðri síld, kr. 48.

Af hverri smálest fiska lagðri upp í bræðslu, kr. 102.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski, kr. 135.

D. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 40.211 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

4. gr.

Mælaleiga fyrir:

Allt að 40 mm mæli	kr. 5.287 á ári
40-49 mm mælir	kr. 6.747 á ári
50-74 mm mælir	kr. 9.411 á ári
75-99 mm mælir	kr. 14.795 á ári
100 mm og stærri mælir	kr. 22.848 á ári

5. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. gr. er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

6. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m³ kr. 195.474

Fyrir hverja 10 m³ umfram 400 m³ kr. 3.676

7. gr.

Heimilt er bæjarstjórn/veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og samþykkt af bæjarstjórn 11. desember 2019 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1246/2017.

Seyðisfirði, 1. maí 2020.

Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. maí 2020